

H a u k a d a l u r

1 9 7 9

H a u k a d a l u r \_ á\_r\_i\_ð\_ l 9 7 9.

1. Veðurfar.

Eftirfarandi tölur eru teknar úr skýrslum Veðurstofu Íslands fyrir veðurathugunaastöðina Hæl, árið 1979:

Mán.	Hiti C°	Úrkoma	Tíðleiki vinda %	Fj. daga	
	mt. fráv.	mm. %af mt.	N NA A	logn	frost
J	-6.0 -4.3	52.4 60	64	29	30
F	-1.3 0.3	106.0 129	55	24	20
M	-5.8 -6.1	37.6 46	63	34	31
A	1.6 -0.6	37.0 51	70	21	19
M	<u>1.5 -5.1</u>	<u>32.1 54</u>	<u>75</u>	<u>17</u>	<u>22</u>
J	8.3 -1.6	134.7 217	17	27	-
J	9.7 -2.0	70.9 91	27	48	-
A	9.9 -0.8	28.5 31	40	36	-
S	<u>4.7 -3.1</u>	<u>113,6 106</u>	<u>32</u>	<u>35</u>	<u>9</u>
O	4.3 0.6	73.3 56	64	25	13
N	-0.1 -1.3	57.4 56	61	34	21
D	-1.5 -1.1	100.9 104	67	21	23

Árið 1979 er talið hið kaldasta síðan 1892. Fyrir allt landið var hitinn 2 C° undir meðallagi.

Sumarhitinn á Hæli var 8.15 C° eða tæpum 2 C° undir meðallagi. Frost fór mjög seint úr jörðu, í lok júní á myrlendi, og gerði það gróðursetningu allmiklu erfiðari. September var kaldur og votviðrasamur, og þroskuðust sprotar misjafnlega vel, einkum á sitkagreni. Stafafura og rauðgreni gengu frá þroskuðum sprotum.

2. Gróðursetning.

Byrjað var á gróðursetningu á plægða svæðinu á Tortumýri hinn 29. maí. Erfitt var að gróðursetja vegna klaka í jörðu. Aðeins reyndist unnt að gróðursetja á nyrðri bakka plægfars í 15-20 cm fjarlægð frá jaðri. Gróðursetningu var svo hætt aftur 1. júní, en byrjað á ný 14. júní og lokið að fullu 5. júlí. Plöntur voru að berast frá Hallormsstað, Vöglum og Laugabrekku fram í seinustu viku júní mánaðar. Plönturnar frá Hallormsstað (rauðgreni) höfðu legið lengi í frysti og voru seinar að taka við sér, en sluppu þó alveg við skemmdir, enda settar í mjög rakan jarðveg á skýldum stað í Miðhlið. Yfirleitt virtist gróðursetning takast vel og sáralítill vanhöld verða.

Gróðursetningu í Tortumýri var í aðalatriðum hagað þannig: Birkið var sett meðfram 8. hverju plógfari, austanverðu, fyrst birki frá Tumastöðum, allt að 68. plógfari, síðan á víxl birki frá Tumastöðum og Laugabrekku, um 37 plógför, en eftir það aðeins birki frá Laugabrekku.

Lerki var sett við næsta plógfari austan við birkið og síðan í 8. hverja röð austur úr. Ennfremur voru settar 7 lerkiplöntur í hverja röð neðst í NA-verðri plægingu við Beiná.

Stafafura var gróðursett í báðabakka, þar sem ekki hafði verið sett birki eða lerki. Ækki var gerlegt að gróðursetja á vesari (syðri) bakkann fyrr en eftir miðjan júní vegna klaka. Þess má geta, að móbandsplönturnar frá Tumastöðum (stafafura) skiptust alveg í two stærðarflokka. Móbandsplönturnar frá Vögnum voru þó enn minni, en mjög vel grænar.

Lokið var gróðursetningu í um það bil helming af Tortumýri. Dreifing furunnar var í aðalatriðum þessi:

Fyrstu 22 plógför: Stór fura, Tumast., á austurbakka  
Vaglafura á vesturbakka

Næstu 21 plógfari: Stór fura, Tumast., á austurb. Lítill fura, Tumast., á vesturb.

Næstu 25 plógför: Stór fura, Tumast., á báða bakka.

Þá var einnig stungið um 2650 órættum græðlingum í innanverðan ~~áttakvarð~~ vesturbakka á 3. hverju plógfari á Tortumýri og meðfram brautum á Bryggjumýri um 3000 stk. Tegundin var Alaskavíðir, S-4, og "Hauksvíðir" 400 stk, sem sett voru austast.

Í Miðhlið var gróðursett í auða bása vestanvert í rauðgreni frá 1949 svo og neðan brautar (áður furubelti), í svæði, sem júlatré voru tekin úr 1978, 2014 og 2015. Kvenfélag Biskupstungna gróðursetti að venju í svæði vestanvert við Svartagilslæk, ofan við Laugaá. Þá voru einnig sett rauðgreni neðan við svæði 2015, í mjög raklent og frjótt svæði.

Nokkrar alaskaaspir voru <sup>þengjur</sup> í tunguna, vestan við svæði 2036, í grafnar holur með íblönduðu sauðataði.

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Grst.	Fjöldi	Svæði
Alaskaösp					43	vestan 2036
Birki	Bæjarst.	843	2/2mb	T	750	Tortumýri
Birki		809	2/2	L	1.000	--
Rauðgreni	Bindal	803	2/3	T	600	1011 (básar)
Rauðgreni	--	-	-	-	150	2015
Rauðgreni	--	-	-	-	1.550	2014
Rauðgreni	Hemnes	805	3/3	H	1.500	neðan v. 2015
Broddfura	Hall..	890	2/3mb	T	400	1011 (básar)
Broddfura	--	-	-	-	600	2015
Stafafura	Skagw.	890	2/2mb	T	8.600	Tortumýri
Stafafura	--	935	1/2	V	2.000	--
Stafafura	--	890	2/2mb	T	400	vestan Svartag.
Sibiríulerki	Altai	895	2/1mb	T	1.000	Tortumýri

Kostnaður við gróðursetningu er ekki tiltækur vegna vöntunar á sundurliðun í bókhaldi fyrir staðinn, en allt talið þá hefir hann að líkindum ekki farið yfir kr. 50/pl.

### 3. Jólatré.

Jólatré voru merkt 10/10. og 28/11., en ekki feldt fyrr en dagana 11.-12. desember. Eingöngu var tekið rauðgreni í jólatré.

Stærð m	Kaupandi Landgr.sj.	Skf.	Rvk	Alls
-1.00	3	2		5
-1.25	16	9		25
-1.50	38	35		73
-1.75	49	22		71
-2.00	35	25		60
-2.50	10	7		17
-3.00	1	3		4
-4.00		10		10
-5.00		5		5
Alls	152	118		270

Trén til Landgræðslusjóðs voru tekin ofan við efra furubeltið í reitum 1012, 1014, 1015 og 1022, en tré Skf. Reykjavíkur neðan við neðra furubeltið sáluga í reitum 2014 og 2015, auk 18 trjáa í flokki 3-5 m í reit 1011. Kostnaður viðjólatré var þessi:

Vinnulaun	kr.	146.610
Akstur í Hd.	--	38.324
-- til Rvk.	--	85.000
<u>Alls kr.</u>		<u>269.934</u>

Söluverð alls án söluskatts var kr. 1.903.760

### 4. Áburður.

Landgræðsla ríkisins dreifði áburði með flugvélinni TF TUN. Flogið var 2. júlí og dreift 3.5 tonnum í 7 ferðum. Notaður var tvígildur áburður, NP 26-14. Kostnaður, þ.e. reikningur Landgræðslunnar, var kr 315.000, en það er aðeins kostnaðarverð áburðar. x)

### 5. Byggingar.

Haukadalskirkja var máluð að utan og innan, enda löngu tímabært. Gert var við gat í gólf, keyptur dregill á gólf og bætt við oliuofni.

Við val á litum inni í kirkjunni var að nokkru höfð hliðsjón af litunum eins og þeir voru, er kirkjan var fyrst máluð innan árið 1908, t.d. blá hvelfing. Leitað var til Franks Ponzis, listfræðings um að akveða liti á altari, grátum og predikunarstól. Hann leiðbeindi einnig um skipun lita utanhus.

Kristján Magnússon, mýrarameistari frá Langabotni sá um málningarárvinnu af aluð og smekkvísi. Hann hafði sér til aðstoðar einn mann dag og dag.

Vinna við málningu fór fram dagana 3.-19. júlí.

x) Borið var á svæði 1012-1022 í Miðhlíð og í Stekkjarhlíð á reiti 1033, 1042-42, 1051-53, alls um 8 ha, þ.e. 2.5 ha í Miðhlíð og 5.5 ha í Stekkjarhlíð.

Kostnaður við endurbætur á kirkju varð þessi:

<u>Vinna:</u>	Málari	kr.	513.000	
	Aðstoðarm.	-	<u>94.000</u>	607.000
<u>Efni og þjónusta:</u>				
	Málning	kr.	150.000	
	Akstur málara	-	70.000	
	Fæði	--	50.320	
	-- aðst.m.	-	15.000	
	Dregill á gólf	-	168.000	
	Vinna smiðs	-	98.000	
	efni		<u>22.000</u>	<u>- 573.000</u>
	Alls kr.			1.180.000

Afgangurinn af málningunni var notaður til að hylja skellurnar á rauða kofanum.

Aðrar framkvæmdir við byggingar voru ekki á þessu herrans ári. Rauði kofinn er enn svo sem hann hefir hefir trúlega alltaf verið, útibú hagamúsanna og náðhúsin leggjast út af í vetrarbyljunum svo reisa þarf þau upp á hverju vori.

Fróðlegt er að setja það upp sem reikningsdæmi hvers virði gjöf Kristians Kirks til Skógræktar ríkisins fyrir 40 árum væri í dag. Ef tekin eru til viðmiðunar laun verkamanns árið 1939 og árið 1979, þá kemur út að kr. 50.000 árið 1939 jafngilda um 75.000.000 kr. árið 1979.